

## Lögleidd fórnarlömb birtist í Vísi 2 sept 2019

Segja má, að skipulögð og markviss kvenfrelsunarbarátta hafi hafist árið 1848 með ráðstefnu um málefni kvenna í smábænum Seneca Falls, í Nýju-Jórvíkurríki, Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA). Eitt hundrað þátttakendur, sextíu og átta konur og þrjátíu og tveir karlar, skrifuðu undir merkilega yfirlýsingu, sem sniðin var eftir sjálfstæðisyfirlýsingu BNA. Sú var færð var í letur af Thomas Jefferson (1743-1826), sem síðar varð þriðji forseti hins nýja lýðveldis. Í þeirri örlagaríku yfirlýsingu er hvorki hreyft við misrétti kynþátta eða kynja. Í Seneca Falls hélt Elizabeth Cady Stanton (1814-1902) á grifli. Aðrir áberandi forystumenn voru; Susan B. Anthony (1820-1906) og Lucretia Coffin Mott (1793-1880). Plaggið er þekkt sem „yfirlýsing viðhorfa eða sjónarmiða,“ (Declaration of Sentiments) eða „yfirlýsing réttinda og sjónarmiða (Declaration of Rights and Sentiments). Yfirleitt er hún stuttlega nefnd Seneca Falls yfirlýsingin. Hinn þeldökki baráttumaður fyrir lýðfrelsi, Frederick Douglass (1818-1895), sagði í blaði sínu, Norðurstjörnunni (North Star), að með umræddu skjali hefði fæðst „mikilfengleg [baráttu-]hreyfing fyrir borgaralegum, félagslegum og trúarlegum réttindum kvenna.“ Hann reyndist svo sannarlega sannspár.

Í aðfaraorðum yfirlýsingarinnar má lesa: „Að okkar dómi er sá sannleikur sjálfgefinn, að [bæði kyn], allir karlar og [allar]konur, séu sköpuð jafnréttá; að skaparinn hafi fært þeim ákveðin óafsalanleg réttindi; að þar á meðal sé [rétturinn til] lífs, frelsis og leitarinnar að hamingju; að til stjórnvalda sé stofnað í umboði þeirra, er stjórninni lúta, til að tryggja þessi réttindi.“ Sami skapari er greinilega ábyrgur fyrir sköpun beggja kynja. En honum hafa greinilega verið mislagðar hendur, því „[s]aga mannkyns er saga um rangindi og valdarán af karla hálfu gagnvart konunni í þeim beina tilgangi að stofna til fullkominnar ógnarstjórnar yfir henni.“ Í langri ákæruskrá á hendur körlum stendur m.a.: „Hann hefur aldrei leyft henni [konunni] að neyta kosningaréttar.“ Það var vissulega hárrétt, en „hann“ var reyndar örsmátt úrval karla í skötulíkislýðveldum. Langflestir karla höfðu heldur ekki kosningarétt.

Þegar hér var komið sögu var umræðan um eðli, hlutverk og völd kynjanna, orðin veruleg að vöxtum, en nokkrir menntamenn og skáld af báðum kynjum höfðu þráttað um málið frá örófi alda. Á miðöldum var umræðan orðin að eigin fræða- og bókmenntagrein. Trúlega lögðu höfundar á mála hjá öflugum, menntuðum kvendrottunum Evrópu, mest af mörkum í fjölmörgum lofgjörðum um konur.

En það voru fráleitt allar konur sammála Stanton. T.d. bar enski vísindamaðurinn og skáldið, Margaret Lucas Cavendish (1623-1673) skaparann alls ekki sömu sökum: „[K]onur hafa enga ástæðu til að kvarta yfir náttúrunni eða guði hennar. Því þó að þær þiggi ekki sömu gjafir og karlar, eru gjafir þeirra miklu betri. Konur eru nefnilega skör ofar en karlar í vegsemd náttúrunnar. Okkur fellur í skaut slík fegurð, lögun, drættir og fágun í framkomu, sem, ásamt ómótstæðilegum og lævíslegum töfrum, valda því, að karlar eru nauðbeygðir til að dást að okkur, elska okkur og þrá, að því marki, að fremur en vera án okkar aðnjótandi, velja þeir að veita okkur völd sín til að fara með, fela sjálfa sig og líf sitt okkur á vald. [Þar að auki] gerast [þeir] þrælur vilja vors og unaðar. Við erum einnig englar, sem þeir dá og dýrka. Og hvers skyldum við fremur óska, en að vera harðstjórar þeirra, gyðjur og örlög?“

Þrátt fyrir fráleikann í aðfaraorðum Seneca Falls yfirlýsingarinnar um jafnan rétt fyrir augliti skaparans, var hvíti kynstofninn í augum margra kvenfrelsara réttærri öðrum. Kynþáttahatur var áberandi, m.a. í málflutningi Stanton. „Til dæmis hélt hún því fram að Bandaríkin þyrftu á kvenkjósendum að halda, konum sem hefðu þann „auð, menntun og

fágun“ til að veða upp á móti nýjum kjósendum, hvort sem þeir væru fyrrverandi þrælur eða innflytjendur, sem kæmu úr „fátækt, fáfræði og niðurlægingu“.

( [https://is.wikipedia.org/wiki/Elizabeth\\_Cady\\_Stanton](https://is.wikipedia.org/wiki/Elizabeth_Cady_Stanton))

Kynþáttahatrið og hrokinn átti eftir að setja svip sinn á sögu hreyfingarinnar. Á ráðstefnu um kvenréttindi fjórum árum síðar, gerðu hvítar konur, kynþáttahatarar, aðsúg að blökkukonunni, Sojourner Truth/Isabella Baumfree (1797-1883) og reyndu að þagga niður í henni á ráðstefnu um kvenréttindi. Truth beitti sér fyrir réttindum kvenna, afnámi þrælahalds og hermennsku, þ.e. hvatti blökkumenn til að skrá sig til herþjónustu í borgarastríði BNA.

Öfgar, ofbeldi, afbrot, hroki, hatur, þöggun og aðdáun á hermennsku hafa fylgt kvenfrelsunarhreyfingunni um langan aldur. Susan B. Anthony, einn aðalhvattamanna að Seneca Falls yfirlýsingunni, var t.d. bæði dæmd fyrir kosningasvindl og vanvirðingu við réttinn. En í þessu efni kastaði verulega tólfunum á hinu evrópska sjónarsviði. Hinar kunnu Pankhurst mæðgur, sér í lagi Emmeline Pankhurst (1858-1928), voru þekktar að árásum, skemmdarverkum og íkveikjum. Emmeline var einnig ákafur talsmaður þess, að ungir karlar yrðu leiddir til slátrunar á vígvelli fyrri heimsstyrjaldar. Systirin, Christabel Harriet Pankhurst (1880-1958), var ekki síður hrokafull en ákveðnar baráttusystur frá BNA: „Auðvitað eru það mistök að beita hinum veikburða [alþýðukonum] í baráttunni. Við þurfum úrvalskonur, hinar öflugustu og gáfuðustu.“ Hroki hennar í garð karla var ekki síðri. Karlmennt „eru varla meira en smitleið fyrir kynsjúkdóma.“ Kvenfrelsarar samtímans hafa tekið sér Christabel til fyrirmyndar um munnsöfnuð.

Kvenfrelsararnir, Norah Elam (1878-1916) og Mary Richardson (1882-1961), störfuðu með breska fasistaflokknum. Sú síðarnefnda tætti í sundur málverk af nakinni konu á British Museum til að mótmæla „karllægri“ hlutgervingu kvenlíkamans. (Svo langt hafa þó kvenfrelsararnir í Seðlabankanum ekki gengið.) Hinum megin við sundið gengu kvenfrelsarar erinda Hitlers eins og t.d. Gertrud Bäumer (1873-1954).

Þegar gengið hafði verið að réttmætri kröfu um kosningarétt án teljandi átaka, hófst hatursstríð gegn körlum á alþjóðvettvangi – ekki síst innan vébanda Sameinuðu þjóðanna (SP), þar sem stórveldin ráða lögum og lofum. (Reyndar höfðu Nicolas de Caritet Marquis de Condorcet (1743-1794) og Olympe de Gouges/Marie Gouze (1748-1793) gert kröfu um kosningarétt handa konum í frönsku byltingunni árið 1789.) Hver áskanaherferðin rak aðra; heimilisofbeldi (ofbeldi gegn eigin- og sambúðarkonum) kynferðislegt ofbeldi gegn stúlkum, kynferðisofbeldi gegn konum yfirleitt og nú síðast „ég-líka-bylting“ eins og æðið heitir í RÚV. Nú er það hatursglæpur gegn kvenkyni talinn, renni piltur hýru auga til stúlku (að hennar eigin dómi). Fimm ára drengir eru nú sakaðir um kynferðislega áreitni við jafnaldra kynsystur og konur.

Hin fráleita söguskoðun eða fórnarlambshugmyndafræði Stanton og félaga í Seneca Falls er nú tekin upp í samningi á vettvangi SP og undirstofnunar um „kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna“ (UN Women) og í samvinnu Evrópuríkja. (UN Men hefur enn ekki séð dagsins ljós.) Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum var samþykktur af SP árið 1979, oftlega kallaður kvennasáttmálinn. Beijing (Peking) aðgerðaráætlunin sá dagsins ljós 1995. „[F]yrir konum og femínistum er Peking aðgerðaráætlunin ein sú merkasta sem tuttugasta öldin gaf af sér,“ segir Jafnréttisstofa. Félags- og jafnréttismálaráðherra segir í árskýrslu sinni 2018 um samninginn: „Hann er fyrsti lagalega bindandi alþjóðsamningurinn sem tekur heildstætt á baráttunni gegn ofbeldi gegn konum og kveður á um réttindi brotþola og skyldur

opinberra aðila til að sinna forvörnum gegn ofbeldi, veita vernd og aðstoða konur sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila og bjóða ofbeldismönnum úrræði og meðferð. Fullgilding samningsins af Íslands hálfu er í samræmi við efni stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og áherslur hennar í jafnréttismálum þar sem sérstaklega er fjallað um aðgerðir til að útrýma kynbundnu ofbeldi.“

Í téðum samningi stendur eitt og annað fróðlegt um ofbeldi karla gegn konum eða „kynbundið ofbeldi“ í skýrslu ráðherrans. „Hugtakið „ofbeldi gegn konum“ merkir hvers konar ofbeldisverknad sem á rætur í kynferði og veldur konum líkamlegum, kynferðislegum og/eða andlegum skaða eða þjáningu eða gæti gert það.“ ... „Ofbeldi gegn konum er eitthvert áhrifamesta tæki í samfélaginu til þess að knýja konur til undirgefni við karla og þar með skipa þeim skör lægra en körlum.“ ... „Ofbeldi gegn konum er raunverulegur vottur um hin ójöfnu valdahlutföll milli karla og kvenna í aldanna rás sem hafa valdið því að karlar drottna yfir konum og viðhalda mismun kynjanna.“

Evrópuráðssamningurinn (Istanbul samningurinn) um ofbeldi gegn konum var samþykktur 2011. Samningsaðiljar „gera sér grein fyrir að ofbeldi gegn konum er birtingarform sögulegs ójafnvægis í valdahlutföllum milli kvenna og karla sem leitt hefur til drottunar karla yfir og mismununar gegn konum og kemur í veg fyrir fullan framgang þeirra [og] viðurkenna að ofbeldi gegn konum er í eðli sínu kynbundið ofbeldi og ofbeldi gegn þeim er eitt helsta félagslega tækið til að neyða konur til að skipa lægri sess í samfélaginu en karlar, ...“ „[K]ynbundið ofbeldi gegn konum“ merkir ofbeldi sem er beint að konu vegna þess að hún er kona eða ofbeldi sem konur verða hlutfallslega meira fyrir, ...“

Það kveður við svipaðan fórnarlambstón í öðrum ámóta samningum, sem Alþingi Íslendinga og ríkisstjórnir hafa ýmist skuldbundið sig til að fylgja eða lögleitt. Nær aldrei er minnst á, að það kynni að halla á karla, hvað réttindi, hlutverk, stöðu, heilsu, ofbeldi og ábyrgð varðar fyrr og nú. Rétttrúnaður ræður orði og æði. Stundum er reynt að fela misrétti gagnvart körlum með fjálglegu jafnréttistali, enda þótt nær ævinlega sé átt við aukin réttindi og fríðindi kvenna. Það er grátbroslegt, að jafnréttissáttmáli sá, er íslenska ríkisstjórnin skrifaði undir fyrir fimm árum síðan, sé saminn af UN Women. „Sáttmálinn er um aukið jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna á vinnustöðum og í samfélaginu almennt,“ segir í umsögn útbúsins á Íslandi. Hugtakið „aukið jafnrétti“ er ekki útskýrt.

Það virðist engum vafa undirorpið. Alþingi Íslendinga hefur samþykkt, að konur séu fórnarlömb karla – í samræmi við hundrað og sjötíu ára gamla yfirlýsingu frá Seneca Falls. Með hinni sorglegu samþykkt hefur þó deilunni um föður- og móðurveldi verið leidd til lykta. Við búum nefnilega við fórnarlambsveldi.

Arnar Sverrisson

Höfundur er ellilífeyrisþegi. Þýðingar eru höfundar, nema þegar um opinbera sáttmála eða tilvitnun í wikipeda er að ræða.